



Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna í Reykjavík: Frumvarp 1934

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna í Reykjavík – Frumvarp

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnsmálamaðurinn
Askja 2-1, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Setja D. S. ad borga
Sveingisla.

Frumvarp til laga

um verkamannabústaði.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

Stofna skal byggingarsjóð til þess að bæta úr húsnæðisþörf verkamanna í kaupstöðum og kauptúnum landsins.

2. gr.

Byggingarsjóður lánar til íbúðarhúsbygginga, samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, í þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem 5 manna nefnd í kaupstöðum og 3 manna nefnd í kauptúnum, hafa fært atvinnumálaráðherra rök fyrir að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar. Nefndir þessar skulu kosnar hlutbundnum kosningum af hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn.

3. gr.

Byggingarsjóður skiptist í deildir, eina fyrir hvern kaupstað eða kauptún, þar sem viðurkend hefir verið þörf fyrir opinbera aðstoð til byggingar verkamannabústaða, og aflast fé til hverrar deildar sem hér segir:

1. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til tveggja króna fyrir hvern íbúa kaupstaðar eða kauptúns, þar sem ákveðið hefir verið að þörf sé fyrir starfsemi byggingarsjóðsins, sbr. 2. gr.
2. Tekjur samkv. 14. gr. laga nr. 58, 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.
3. Bæjarsjóðir og sveitarsjóðir, sem um ræðir í 2. gr., leggja í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til tveggja króna fyrir hvern íbúa kaupstaðarins eða kauptúnsins.
4. Ennfremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánsstarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður. En hlutaðeigandi bæjarsjóðir og sveitarsjóðir, sbr. 2. gr., standa í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem veitt eru byggingarfélagi í kaupstaðnum eða kauptúninu. Lánin má taka í erlendri mynt og gefa út skuldbréf fyrir þeim, er hljóði á upphæðir, er ríkisstjórnin samþykkir.

Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kauptúnsins, þá, sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum.

4. gr.

Byggingarsjóður veitir lán aðeins til eins byggingarfélags í hverjum kaupstað eða kauptúni og skal félagið reist á samvinnugrundvelli og að öðru leyti fullnægja skilyrðum 6. gr. þessara laga.

Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, allt að 60% af virðingarverði eignarinnar. Ennfremur veitir byggingarsjóður lán gegn 2. veðrétti í eignunum, þó þannig, að samanlagður fyrsti og annar veðréttur nemi ekki meiri fjárhæð en 85% af kostnaðarverði eignarinnar. Byggingarsjóður veitir lánin affallalaus og ávaxtist og endurborgist þau með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

5. gr.

Byggingarsjóðurinn skal jafnan vera í handbæru fé í peningastofnun með ríkissjóðsábyrgð, að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.

6. gr.

Byggingarfélög hafa rétt til að fá lán úr byggingarsjóði samkv. 4. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. að byggingarfélagið komi upp byggingum fyrir félagsmenn sína.
2. að húsin séu gerð úr varanlegu efni, með tveggja og þriggja herbergja íbúðum auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútímaþægindum og sérstökum bletti handa hverri íbúð, eða sameiginlegum velli handa sambyggingum, en að öðru leyti sé fyrirkomulag bygginganna samþykkt af atvinnu-málaráðuneytinu.
3. að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og hafi eigi haft yfir 4000 króna árstekjur, miðað við meðaltal 3 síðustu ára, að viðbættum 300 krónum fyrir hvern ómaga, þó ekki samtals yfir 5500 króna árstekjur, né yfir 5000 króna eignir.
4. að íbúðirnar séu seldar félagsmönnum fyrir það verð, sem þær kosta byggingarfélagið, gegn a. m. k. 15% útborgun, og með sömu lánskjörum á eftirstöðvum kaupverðsins sem félagið nýtur hjá byggingarsjóði.
5. að byggingarnar séu reistar á lóðum, sem kaupstaðirnir eða ríkið eiga eða leigja, og sé ársleigan metin reglulega á 5–10 ára fresti. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllum í byggingunni.
6. að ákveðið sé í samþykktum félagsins, að enginn, sem keypt hefir íbúð af félaginu, megi selja hana, nema stjórn byggingarfélagsins hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og ekki framleigja nema með leyfi stjórnar félagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, sem á hafa verið gerðar eftir að síðasta sala fór fram, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvorttveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda, samkv. mati, af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

7. að settar séu reglur í reglugerð, sem staðfest sé af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn félagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðan jafnað niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal hún bera. Um sameiginleg tæki innanhúss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.
8. að stjórn byggingarsjóðsins hafi fallizt á samþykktir félagsins og það fullnægi að öðru leyti skilyrðum þeim, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur fyrir viðurkenningu slíkra félaga.

7. gr.

Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnaði fyrir fasta starfsmenn félagsins og fyrir matvöruverzlun. Ákvæði skulu sett í reglugerð, er um getur í 6. gr. 7. lið, um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

8. gr.

Í stjórn byggingarsjóðs skulu vera 3 menn, sem atvinnumálaráðherra skipar til 4 ára í senn. Ákveður atvinnumálaráðherra hver skuli vera formaður sjóðsstjórnarinnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin störfum milli sín. Stjórnin hefir á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr honum samkvæmt reglugerð, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur. Skal hver deild, sbr. 3. gr., hafa sérstakt fjárhald fyrir sig.

Stjórnin skal vera búsett í Reykjavík, en sér til aðstoðar, meðal annars við eftirlit með að byggingarfélag í hverjum kaupstað eða kauptúni gæti skyldna sinna samkv. 6. gr., má stjórnin setja trúnaðarmenn, einn eða fleiri í hverjum kaupstað eða kauptúni.

Laun stjórnarinnar og trúnaðarmanna hennar greiðist úr rikissjóði, og ákveður atvinnumálaráðherra þau, en annan kostnað greiðir hlutaðeigandi deild byggingarsjóðs.

Hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélag hefir rétt til að skipa eftirlitsmann með fjárreiðum hlutaðeigandi sjóðsdeildar og hefir rétt til að stöðva lántökur og lánveitingar til byggingarfélagsins, ef það álitur að byggingarfélagið geti ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar. Slíkri ákvörðun sveitarstjórnar má skjóta til atvinnumálaráðherra.

9. gr.

Ársreikningar byggingarfélags skulu ætíð lagðir fyrir stjórn byggingarsjóðs til athugunar, og getur hún krafizt allra skýrslna um hag og rekstur félagsins, meðan nokkuð stendur eftir af láni því, er veitt hefir verið til bygginganna.

Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga byggingarsjóðs og skipar tvo endurskoðendur þeirra til tveggja ára í senn.

10. gr.

Nú er ekkert byggingarfélag til í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem lán fær úr byggingarsjóði, og er þá bæjarstjórn eða sveitarstjórn heimilt að ákveða, að bæjarfélagið eða sveitarfélagið komi upp byggingunum, og hefir það þá sömu réttindi og skyldur sem byggingarfélag samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndar uppdrætti að húsum félagsmanna, bæði sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarfélag. Sömu-leiðis setur hún, í samráði við stjórn byggingarsjóðs og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnir öruggt eftirlit með framkvæmdum byggingarfélaga, sem starfa samkvæmt lögum þessum.

12. gr.

Byggingarsjóðir þeir, sem eru starfandi, þegar lög þessi öðlast gildi, renna sem deildir inn í byggingarsjóð landsins.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935 og falla úr gildi frá sama tíma lög nr. 55 og 71, 8. september 1931 svo og lög nr. 118, 29. desember 1933.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta gerir þá aðalbreytingu á núgildaandi lögum um verkamannabústaði, að hinir einstöku byggingarsjóðir kaupstaða og kauptúna skuli lagðir niður, en í þeirra stað komi einn byggingarsjóður fyrir allt landið.

Það hefir sýnt sig í framkvæmdinni að byggingarsjóðum utan Reykjavíkur hefir gengið mjög erfiðlega að fá lánsfé til starfsemi sinnar og þykir því nauðsyn til bera, að stofnaður verði byggingarsjóður fyrir allt landið, sem hafi það aðalhlutverk með höndum að útvega byggingarfélagum lánsfé. Ennfremur getur það haft skaðleg áhrif á lánstraust ríkisins erlendis, að stjórnir hinna einstöku byggingarsjóða séu að reyna fyrir sér um tiltölulega smávægilegar lántökur utanlands og innan og bjóða fram ríkisábyrgð til tryggingar slíkum lánnum. Þá er og á það að líta, að meiri trygging er fyrir því að hagkvæm lán fáist til þessarar starfsemi, ef aðeins einn aðili leitar um lántökur, því að hér verður um stærri lán að ræða, sem byggingarsjóðsstjórnin svo skiptir milli hinna einstöku byggingarfélaga.

Um einstakar greinar frumvarpsins er þetta að athuga:

Um 1. gr.

Visast til þess, sem hér að framan var sagt.

Um 2. gr.

Að mestu samhljóða 1. gr. laga nr. 71 1931.

Um 3. gr.

Rétt er að hver kaupstaður og kauptún hafi sína deild í byggingarsjóðnum, sem sé fjárhagslega og reikningslega algerlega sérgreind, því að hinir einstöku kaupstaðir og kauptún bera aðeins ábyrgð á þeim lánnum, sem byggingarfélagi innan þeirra er veitt úr sjóðnum.

Um 4. gr.

Grein þessi gerir þá breytingu á núgildandi lögum, að aðeins einu byggingarfélagi í sama kaupstað eða kauptúni sé veitt lán úr byggingarsjóði. Ástæðan til þessarar breytingar er sú, að vist má telja að framkvæmdir hefjist fyrir ef byggingarfélagið verður aðeins eitt á hverjum stað, og að húsbyggingarnar verði ódýrari ef stærra verður byggt í einu.

Engum er óréttur gerður með þessu ákvæði með því allir þeir, sem fullnægja skilyrðum 6. gr., hafa rétt til að ganga í byggingarfélag og verða aðnjótandi hlunninda þessara laga.

Um 5.—7. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 4.—6. gr. laga nr. 71 1931 og þurfa ekki skýringa við.

Um 8. gr.

Þar sem rikissjóður ábyrgist þau lán, sem byggingarsjóður tekur, er rétt að atvinnumálaráðherra skipi sjóðsstjórnina.

Byggingarsjóðsstjórnin verður að vera búsett í Reykjavík, og ber því nauðsyn til að hún hafi trúnaðarmann í þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem byggingarfélag er starfandi.

Með því að hlutaðeigandi bæjar- og sveitarstjórnir eru með lögum þessum sviptar hlutdeild sinni í stjórn byggingarsjóðsins, en bæjar- og sveitarfélög eru eftir sem áður í þakábyrgð fyrir þeim lánnum, sem byggingarfélag fær, þykir nauðsyn bera til að heimila þeim að fylgjast með fjárhag og fjárreiðum hlutaðeigandi byggingarfélags, svo og að stöðva lánveitingar til byggingarfélags, ef álitid er að það geti ekki staðið í skilum af eigin ramleik. Rétt er samt að atvinnumálaráðherra hafi æðsta úrskurðarvald í þessu efni.

Um 9.—13. gr.

Þurfa ekki skýringa við.

Reykjavík 16. október 1934.

Á mjög fjölmennum fundi í Byggingarfélagi sjálfstæðra verkamanna í Reykjavík þann 15. október 1934 var eftirfarandi til-
laga samþykkt í einu hljóði og stjórn félagsins falið að koma henni á
framfæri við hið háa Alþingi:

Fundur í Byggingarfélagi sjálfstæðra verkamanna í Reykja-
vík telur ákvæðin í frv. ríkisstjórnarinnar til nýrra laga um verka-
maanabústaði um, að einungis eitt byggingarfélag í hverjum kaupstað
eða kauptúni skuli fá lán úr byggingarsjóði, vera mjög óheppileg og
skorar eindregið á Alþingi að fella þau úr frv., eða, ef þessi ákvæði
verða samþykkt, að bæta þá við í frv. ákvæðum til að tryggja öllum
þeim félögum, sem nú eru starfandi, eða meðlimum þeirra, fullkomna
og réttláta hlutdeild í þeim hlunnindum, sem fást með lánnum úr bygg-
ingarsjóði, og felur fundurinn félagsstjórn að gæta réttar félags-
ins að þessu leyti.

Virðingarfyllt

Til
Alþingis.

Reykjavík 24. september 1934.

Á síðast liðnu vori var hér í bæ stofnað Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna í Reykjavík í þeim tilgangi að koma upp íbúðum, einkum smáum sérhúsum fyrir félagsmenn, í samræmi við lög um verkamannabústaði nr. 71. 8.sept. 1931. Samþykktir félagsins eru dagsettar 4.júní 1934, og 16. sama mánaðar er félagið skrásett, sbr. Lögbirtingablað 30. ágúst 1934. Í félaginu eru nú h.u.b. 350 manns. Stjórn félagsins skipa: Bjarni Benediktsson, prófessor, Laugaveg 18a formaður, Ragnar Lárusson, fátækrafulltrúi, Bergþórugötu 19, ritari, Ólafur Sigurðsson, lögregluþjónn, Lindargötu 7a, gjaldkeri, Guðmundur Eiríksson, húsmiðameistari, Bræðraborgarstíg 11, og Þórður Þórðarson, trésmiður, Lindargötu 28, meðstjórnendur.

Stjórn félagsins leyfir sér hér með að senda yður, háttvirt stjórn byggingarsjóðs Reykjavíkur, samþykktir félagsins og æskja samþykkis yðar á þeim, skv. 8.tl. 5.gr. laga nr. 71. 1931. Jafnframt leyfir félagsstjórnin sér, skv. sömu lögum, 3. og 5. gr., að fara þess á leit við yður, að þér lánið félaginu úr byggingarsjóði Reykjavíkur eins mikið fé og frekast er unt til þess að koma byggingum upp á næsta sumri.

Stjórn félagsins hefur þegar hafið ýmislegan undirbúning að starfsemi félagsins, m.a. að útvegum hentugra lóða undir hús þau, sem félagið kemur upp, og áætlun um byggingarkostnað þeirra og fyrirkomulag. Allar frekari upplýsingar er félagsstjórnin reiðubúin að gefa yður, hvort heldur munnlega eða skriflega, og væntir bráðlega svars yðar.

Virðingarfyllt

Til
stjórnar byggingarsjóðs Reykjavíkur.

Reykjavík 14. ágúst 1934.

Á fundi í stjórn Byggingarfélags sjálfstæðra verkamanna í Reykjavík 8. ágúst s.l. var samþykkt að svara heiðruðu bréfi yðar dags. 18. júní á þá leið, að vegna fyrirhæla 10. gr. laga nr. 71 1931 um, að ríkisstjórnin leggi til uppdrætti að verkamannabústöðum skv. lögnum, sjái félagsstjórnin sér ekki fært að verða við tilmælum yðar að svo komnu.

Virðingarfylst

Til
Félags íslenskra arkitekta.

Samþ. á stj. fundi S. ág. að svara bréfinu með skrifsturn : S. gr.
l. 71. 1931, að ekki sé áhætla til að minna þessu að svo komna.

Á fundi í Fjelagi Íslenskra Arkitekta 14. júní s.l.
var svohljóðandi tillaga samþykkt : Fjelagið leyfir sjer
hjer með að fara þess á leit við háttvirta stjórn
Byggingarfjelags sjálfstæðra verkamanna, að haldinn
verði samkefni meðal Arkitekta bæjarins um fyrirkomulag
og gerð hinna fyrirhuguðu bygginga.

Stjórn fjelagsins er fús til að láta upplýsingar
í tje viðvíkjandi slíkri samkefni.

Reykjavík 18. júní 1934

Virðingarfyllst

Heiðurterleudmy
foom.

Leudm. 16. fm. 1934
ritari

Til stjórnar Byggingarfjelags sjálfstæðra verkamanna í Reykjavík.

Hr.

Pröfursorr

Pjarni Benediktsson

Vegna þess hve líkinn tíma er hef, get ég ekki komið og
falað við yður sem ég þó nauðsynlega hefði þurft. Tek þvi það ráð
að senda yður nokkrar línur, og vona að þei vinsamlegast viljið taka
þær til athugasemja. Hóman mín bei yður bjó þetta og biður þess að
þjer svarit spurningum mínum ef þjer viljið gjöra svo vel.

Hvernig hús er ætlast til að byggja? Timburhús og steinhús eða
annaðhvort? Hvað er kaupverðið á ætlast ca.? Hvað er ætlast
til að borguð verði mörg prócent við móttöku hússins? Hve mikil
afborgun á ári? Má ekki byggja svo að fjármenn fjölskylda hafi
möguleika til að hefja eitthvað líf?

Spurningummi á eyðublatinu sem átti að útfylla er spurt hvernig í húsi
óskirft. Ég get ekki vel svarað sp. óska samt að fjá hús með góðri
í húsi s.l.d. 3 stofur og eldhús á hæð svo og hjallara með og 2-3
herbergi á lofti og svo húsið með öllum venjulegum þagindum.
Þó þei vinsamlegast vilduð svara mjer þessum spurningum, en ekki
ekki til að svo væri almennt skal verða vandlega þagað um þær uppl.
sem þei kynnu að gefa okkur. Mier þykir rétt að gefa þess að Kristján
Lwinsson tákni, og Kristján Guðlaugsson. Þaga mínir 2 á þess við yður
þjer mínar hönd, þvi á þessum tíma er ég svo sem aldrei heima

Ef að fengjum uppl. frá yður að nýja líka vel öll að-ástaða. mun e'
sækja fast að þomast að sem fyrst.

Vona þér afsakið flytiskinnu þessar

Með virðingunni

Ragnar Lútmundsson
Baldursgötu 32

Reykjavík 30.mai 1934.

Hr. Sigurður Þorsteinsson.

Bergstaðastræti 52.

Háttvirtí herra.

Fyrir hönd stjórnar Byggingarfélags sjálfstæðra verkamanna í Reykjavík, leyfi eg mér hér með að tilkynna yður, að skv. skýrslu yðar hafið þér haft 200 kr. of háar tekjur árlega 3 síðast liðin ár til þess að geta orðið reglulegur félagi skv. 4.gr. samþykta félagsins. Skýrslan er þó ekki alveg glögg og ef þér hafið athugasemdir hér við að gera, þá gerið svo vel og snúa yður til undirritaðs formanns bráðabirgðastjórnar fyrir næst komandi sunnudag.

Virðingarfyllt

Reykjavík 30.mai 1934.

Hr. Guðm. S. Guðmundsson

Skólavörðustíg 12.

Háttvirtu herra.

Fyrir hönd bráðabirgðastjórna-Byggingarfélagssjálfstæðra verkamanna í Reykjavík, leyfi eg mér hér með að benda yður á, að í skýrslu yðar teljið þér eignir yðar vera óvissar. Skv. 4. gr. samþykta félagsins er það skilyrði til að geta orðið reglulegur félagi, að eignir sé ekki hærri en 5000 kr. Ef þér því óskið eftir að verða reglulegur félagi, þá er nauðsynlegt að þér gefið bráðabirgðastjórninni skýrslu um eignir yðar fyrir næst komandi sunnudag.

Virðingarfyllt

Reykjavík 30. maí 1930.

Hr. Frímann Helgason

Laugaveg 139.

Háttvirtí herra.

Fyrir hönd bráðabirgðastjórnar Byggingarfélags sjálfstæðra verkamanna í Reykjavík, leyfi eg mér hér með að benda yður á, að skv. skýrslu yðar þá hafið þér árlega 3 síðast liðin ár haft nær 200 kr. of háar tekjur til þess að geta orðið reglulegur félagi, sbr. 4. gr. félagssamþykta. Ef þér óskið eftir að verða styrktarfélagi, þá gerið svo vel og gerið einhverjum úr bráðabirgðastjórninni aðvart.

Virðingarfyllt

Reykjavík 30.mai 1934.

Hr. Stefán Bachmann,
Ránargötu 12.

Háttvirtí herra.

Fyrir hönd bráðabyrgðarstjórnar Byggingarfélags sjálfstæðra verkamanna í Reykjavík, leyfi eg mér hér með að tilkynna yður, að þar sem þér skv. skýrslu yðar hafið 3 síðast liðin ár haft 5000 kr. tekjur á ári, en hafið einungis einn ómaga, þá getið þér ekki orðið reglulegur félagi, sbr. 4.gr. samþykta félagsins. Ef þér óskið að verða styrktarfélagi, þá gerið svo vel og snúa yður til mín.

Virðingarfylst.

Reykjavík 30. maí 1934.

Hr. Júlíus Jónsson,

Njálsgötu 20.

Háttvirtí herra.

Fyrir hönd bráðabirgðastjórnar Byggingarfélags sjálfstæðra verkamanna í Reykjavík, leyfi eg mér hér með að tilkynna yður, að þar sem þér skv. skýrslu yðar hafið 3 síðast liðin ár haft 5000 kr. tekjur á ári, en hafið einungis einn ómaga, þá getið þér ekki orðið reglulegur félagi, sbr 4. gr. samþykta félagsíms. Ef þér óskið að verða styrktarfélagi, þá gerið svo vel og snúið yður til einhvers úr bráðabirgðastjórninni.

Virðingarfylst.

Reykjavík 30. maí 1934.

Hr. Þórður Geirsson,

Vesturgötu 22.

Háttvirtí herra.

Fyrir hönd bráðabirgðastjórnar Byggingarfélags sjálfstæðra verkamanna í Reykjavík, leyfi eg mér hér með að tilkynna þou, að þar sem þér skv. skýrslu þoar hafið í 3 síðast liðin ár haft 200 kr. hærri tekjur á ári en má til þess að verða reglulegur ~~reglulegur~~ félagi, þá getið þér ekki orðið það, að svo komnu. Ef þér óskið eftir að verða styrktarfélagi, þá gerið svo vel og lát einhvern úr bráðabirgðastjórninni vita.

Virðingarfylst

Reykjavík 30.mai. 1934.

Hr. Gestur Gíslason.

Lauganesveg 67.

Háttvirtu herra.

Fyrir hönd bráðabirgðastjórnar Byggingarfélags sjálfstæðra verkamanna í Reykjavík, leyfi eg mér hér með að tilkynna yður, að bráðabirgðastjórnin hefur ekki heimild til að ganga að neinum skilyrðum fyrir inngöngu manna í félagið. Hún getur því ekki tekið skilyrði yðar til greina. Ef þér óskið, þrátt fyrir þetta að halda áfram þáttöku í félaginu, þá gerið svo vel og tilkynnið bráðabirgðastjórninni það fyrir n.k. sunnudag.

Virðingarfylst

Bjarni Benediktsson

Reykjavík 30. maí 1934.

Hr. Bent Bjarnason

Hellusundi 6.

Háttvirtu herra.

Fyrir hönd bráðabirgðastjórnar Byggingarfélags sjálfstæðra verkamanna í Reykjavík, leyfi eg mér hér með að tilkynna yður, að bráðabirgðastjórnin hefur ekki heimild til að ganga að neinum skilyrðum fyrir inngöngu manna í félagið. Hún getur því ekki tekið skilyrði yðar til greina. Ef þér óskid, þrátt fyrir þetta að halda áfram þátttöku í félaginu, þá gerið svo vel og tilkynnið bráðabirgðastjórninni það fyrir n.k. sunnudag.

Virðingarfylst.

BYGGINGARFÉLAG
SJÁLFSTÆÐRA VERKAMANNA Í REYKJAVÍK

Nafn Frimann Helgason
 Heimili Laugaveg 139
 Atvinna Starfsmaður hjóla þruga
 Aldur 26 ára
 Tekjur á ári í þrjú síðastliðin ár? 3600,00 kr á ári
fastaloun, auk þess þegar 50,000 kr á máni
 Skuldlausar eignir? Engar
 Ómagar, hve margir og hve gamlir?

Núverandi íbúð, hve stór og hvar í húsi? 2 herbergi og eldhúsi
á hæð
 Hve stóra íbúð munduð þér vilja fá? 3 herbergi og eld-
húsi (með baði)
 Erud þér í öðru byggingarfélagi og þá hverju? Samvinnu
byggingarfélagi. Róttu.

Ofanrituðum spurningum erud þér bedinn að svara og koma eydubladinu útfylltu á skrifstofu Vardarfélagsins innan þriggja vikna frá móttöku, ef þér viljið halda áfram þátttöku í félaginu.

BYGGINGARFÉLAG
SJÁLFSTÆÐRA VERKAMANNA Í REYKJAVÍK

Nafn Stefán Þachmann
 Heimili Ránargata 12
 Atvinna Verstunarmáður
 Aldur 38 ára
 Tekjur á ári í þrjú síðastliðin ár? 5000. —
 Skuldlausar eignir? 3000. —
 Ómagar, hve margir og hve gamlir? 1 helpa 5 ára
 Núverandi íbúð, hve stór og hvar í húsi? 3 herbergi og eld hús
 Hve stóra íbúð munduð þér vilja fá? 3 herbergi og eld hús
 Erud þér í öðru byggingarfélagi og þá hverju? engum

Ofanrituðum spurningum eruð þér bedinn að svara og koma eyðubladinu útfylltu á skrifstofu Vardarfélagsins innan þriggja vikna frá móttöku, ef þér viljið halda áfram þátttöku í félaginu.

BYGGINGARFÉLAG
SJÁLFSTÆÐRA VERKAMANNA Í REYKJAVÍK

Nafn Pigurdur Þorleifsson

Heimili Þronfósth 52

Atvinna Verjarn

Aldur 52^{1/2} ár.

Tekjur á ári í þrjú síðastliðin ár? ISK. 200.000. Þrjú

Skuldlausar eignir? engar

Ómagar, hve margir og hve gamlir?

Núverandi íbúð, hve stór og hvar í húsi? 1/1^{1/2} herb. uppí 2 hæð

Hve stóra íbúð munduð þér vilja fá? 1/2^a herb. 2 hæð

Erud þér í öðru byggingarfélagi og þá hverju? Nei

Ofanrituðum spurningum erud þér bedinn að svara og koma eyðubladinu útfylltu á skrifstofu Varðarfélagans innan þriggja vikna frá móttöku, ef þér viljið halda áfram þátttöku í félaginu.

BYGGINGARFÉLAG
SJÁLFSTÆÐRA VERKAMANNA Í REYKJAVÍK

Nafn Jóhannur Geirsson

Heimili Vesturgata 22

Atvinna höfnargluföringur

Aldur 56. ára

Tekjur á ári í þrjú síðastliðin ár? 4200.

Skuldlausar eignir? eignalaus og skuldlaus

Ómagar, hve margir og hve gamlir? ómagalaus

Núverandi íbúð, hve stór og hvar í húsi? 2 Herbergi á nortri hafi
í útblýggjngun norður enda (eldhúsi í kjallara)

Hve stóra íbúð munduð þér vilja fá? 3 herbergi og eldhúsi

Erud þér í öðru byggingarfélagi og þá hverju? Nei.

Ofanrituðum spurningum erud þér bedinn að svara og koma eydubladinu útfylltu á skrifstofu Vardarfélagins innan þriggja vikna frá móttöku, ef þér viljið halda áfram þátttöku í félaginu.

BYGGINGARFÉLAG
SJÁLFSTÆÐRA VERKAMANNA Í REYKJAVÍK

Sonur ættingi
inn.

Nafn Júliús Jónsson

Heimili Njálsgötu 20

Atvinna Reinsunar maður

Aldur 49 ára

Tekjur á ári í þrjú síðastliðin ár? kr. 5000, 1931 og 1932 4500,-
1933 5000

Skuldlausar eignir? Engar

Ómagar, hve margir og hve gamlir? 1 14 ára

Núverandi íbúð, hve stór og hvar í húsi? 3 Herbergi á hæl

Hve stóra íbúð munduð þér vilja fá? 4 Herbergi

Erud þér í öðru byggingarfélagi og þá hverju? Nei

Ofanrituðum spurningum eruð þér bedinn að svara og koma eyðubladinu útfylltu á skrifstofu Vardarfélagsins innan þriggja vikna frá móttöku, ef þér viljið halda áfram þátttöku í félaginu.

Reykjavík 11. apríl 1934

Hér með leyfi eg mér f.h. Byggingarfélags sjálf-
staðra verkamanna í Reykjavík að fara þess á leit við hátt-
virt bæjarráð Reykjavíkur, að það hlutist til um, að við skipu-
lagningu bæjarins utan Hringbrautar verði nægilegt hentugt
land ætlað til byggingar húsa, einkum smárra sérhúsa, er fél-
agið hygst koma upp í samræmi við löggin um verkamannabústaði.
Sakir þess, hve félagið er fjölment, er nauðsynlegt, að slíkt
land sé ákveðið víðar en í einu bæjarhverfi. Vil eg loks mál-
ast til þess, að nánari ákvörðun landsvæðis undir byggingar
þessar yrði tekin í samráði við stjórn félagsins.

Virðingarfyllt

Til
bæjarráðs Reykjavíkur.

Ég undirritaður fel hér með Þjóanna Benediktssyni
at innrita mig sem einn af stofnumendum & hins nýja
Þessingarfélags verkamanna, sem mi er: rað: að
stofna.

Reykjavík 28. mars 1934
Gisti, Eiríks son

1000

Samþykkt

~~Frumvarp~~

~~till samþykta fyrir~~

[Handwritten signature]

Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna í
Reykjavík.

1.gr. Félagið heitir Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna í Reykjavík.

2.gr. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

3.gr. Tilgangur félagsins er að koma upp íbúðum, einkum ^{smáum réttisum} ~~smáum~~, fyrir félagsmenn, í samræmi við lög um verkamannabústaði nr. 71. 8.sept. 1931 og önnur lög, sem kunna að verða sett í stað þeirra laga.

4.gr. Félagsmenn geta allir orðið, sem eru fjárááða, heimilisfastir í Reykjavík og hafa ekki haft yfir 4000 króna árstekjur, miðað við meðaltal 3 síðustu ára, að viðbættum 300 krónum fyrir hvern ómaga, þó ekki samtals yfir 5500 króna árstekjur, né yfir 5000 króna eignir.

Ennfremur geta menn án þess að uppfylla ofanefnd skilyrði fengið inngöngu sem styrktarfélagar. Til þess þarf þó samþykki félagsfundar í hvert sinn. Slíkir félagar hafa tillögurétt og málfrelsi á fundum félagsins og geta tekið þátt í störfum fyrir félagið, ef þeir eru til þess kosnir, en hafa að öðru leyti engin félagsréttindi. Við inngöngu í félagið skal hver félagsmaður skrifa undir skuldbindingu um, að hann sé háður samþykktum félagsins eins og þær eru eða verða á hverjum tíma.

5.gr. Hver félagsmaður skal fá skírteini, er sýni, að hann sé löglegur félagsmaður. Skírteini þessi skulu endurnýjuð árlega á aðalfundi. Skírteini styrktarféлага skulu bera með sér, að eigandi sé styrktar-

félaginu, má selja hana, nema stjórn félagsins hafi hafnað forkaupsrétti félagsins vegna. Ekki má ~~veðstja~~ veðstja íbúð nema með samþykki félagsstjórnar, né heldur framleigja nema með slíku samþykki. Söl verð slíkrar íbúðar má ekki vera herra en síðasta kaupverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, sem á hafa verið gerðar eftir að síðasta sala fór fram, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvorttveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna.. Sé um framleigu að ræða ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda, samkvæmt mati, af ísbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

17. gr. Inntökubeiðnir og úrsagnir úr félaginu skulu vera skriflegar og sendar félagsstjórn. Við brottför úr félaginu er ekki hægt að gera neitt tilkall til sjóða félagsins ~~XXXXXX~~ nema til stofnsjóðs í þeim tilfellum, sem segir í 2. mgr. 25. gr. laga um samvinnufélög nr. 36 27. júní 1921.

18. gr. Félagsmaður getur sætt brottrekstri úr félaginu fyrir þessar sakir:

a. Ef hann verður ber að því að spilla álitum félagsins eða vekja tortryggni hjá félagsmönnum.

b. Ef hann sýnir félaginu ítrekuð van-skil.

Álykti stjórn, að félagsmaður sé ræður úr félaginu skal hún tilkynna honum það skriflega, þegar í stað. Sætti aðili sig ekki við úrskurð stjórnarinnar, getur hann skotið máli sínu til næsta aðalfundar.

14.gr. Félagsfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins og gerir þær ákvarðanir um starfsemi þess, sem þörf er á.

Aðalfund skal halda fyrir lok febrúar- mánaðar ár hvert.

Aukafund getur félagsstjórn boðað, þegar henni þykir þess þörf. Ennfremur er stjórninni skylt að boða til aukafundar ef fjórðungur félagsmanna krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Nú hefur stjórnin ekki boðað til fundar innan 14 daga, eftir að henni barst krafan, og geta hlutaðeigendur þá sjálfir kvatt til fundar.

Fundir eru lögmætir, er meira en þriðjungur félagsmanna sækir. Verði fundur ekki lögmatur vegna þess, að ekki hafa nógu margir félagsmenn sótt fundinn, skal boðað til nýs fundar innan viku, og er sá fundur lögmatur þótt minna en þriðjungur félagsmanna saki hann.

Til allra funda skal boða með þriggja daga fyrirvara með auglýsingu í tveimur dagblöðum bjarins. Dagskrá skal jafnan greina í fundarboði.

Úrslitum mála á félagsfundum ræður afl atkvæða, nema þar sem samþykkt þessar mæla fyrir um aukinn meiri hluta.

Fundargerðir skulu ritaðar í gerðabók, sem lesin sé upp og borin undir atkvæði í fundarlok og síðan staðfest með undirskrift fundarstjóra og ritara.

Fundarsköp skulu sett með samþykkt aðalfundar.

15.gr. Aðalfundi skal kjósa stjórn, þrjá menn; formann, ritara og gjaldkera. Svo skal kjósa þrjá menn til vara. Kjörtími stjórnar er þrjú ár, og skal einn ganga úr á ári.

Aðalfundi skal kjósa stjórn: formann, ritara, gjaldkera og tvo metstjórnendur. Svo skal kjósa þrjá menn til vara. Stjórn tími stjórnarinnar er þrjú ár og skal einn ganga úr á ári nema þegar formatur gengur úr þá kemur einn úr varastjórn gangi einn á ári.

Endurkjósa má í stjórn svo oft sem vill. Engan má kjósa í stjórn, nema hann sé félagsmaður. Allir félagsmenn eru skyldir að taka við kosningu í eitt kjörtímabil. Þeir einir eru réttkjörnir í stjórn, sem við kosningu fá fullan helming greiddra atkvæða.

Formaður boðar til stjórnarfundar. Stjórnarfundur er lögmatur, ef ~~tvær~~ stjórnendur hið fæsta eru á fundi. Fundargerðir stjórnarinnar skulu ritaðar í gerðabók, sem lesin sé upp og borin undir atkvæði í fundarlok og undirrituð af viðstöddum stjórnendum. Stjórnin fer með málefni félagsins á milli fundar, boðar til félagsfunda, undirbýr fundamálefni, framkvæmir fundaályktanir, leggur fyrir aðalfund til úrskurðar endurskoðaða reikninga félagsins fyrir næsta ár á undan, hefir eftirlit með öllum framkvæmdum félagsins, hefir á hendi eða sér um eftirlit á húsum þeim, sem félagið hefur byggt og selt félagsmönnum, innkaeptir heimtir félagsgjöld, vexti og afborganir til félagsins, sér um greiðslu á gjöldum þess og gætir yfirleitt í öllu hagsmunum félagsins og getur leitað aðstoðar landslaga og réttar ef þörf krefur.

Stjórninni er heimilt að ráða framkvæmdarstjóra eða ráðsmann sér til aðstoðar og fela honum eitthvað af stjórnarstörfum og ákveður hún laun hans. Stjórninni er heimilt að fela peningastofnun innheimtu vaxta og afborgana. Launum framkvæmdarstjóra og kostnaðinum við eftirlit, innheimtu vaxta og afborgana getur félagsfundur jafnað niður á félagsmenn þá, sem íbúðir hafa fengið keyptar hjá félaginu. Stjórnendur bera ábyrgð fyrir félaginu á fundi, skv. 2.mgr. 21.gr. 1. um samvinnu félagsmanna. 36 27. juni 1921.

Stal

16.gr. Allir þeir samningar, sem stjórnin gerir fyrir hönd félagsins skv. samþykktum þessum eða fundarályktun í félaginu, eru bindandi fyrir félagsheildina og hvern einstakan félagsmann. Stjórnendur tveir saman skuldbinda félagið.

17.gr. Lán þau, sem félagsstjórnin tekur fyrir hönd félagsins, ábyrgjast félagsmenn með þeim ^{Talminörðum} ~~miklunni~~, er segir í 9.gr., sem sjálfskuldarábyrgðarmenn, einn fyrir alla og allir fyrir einn, án þess að lántakan hafi verið undir ^(á) borin, og án þess þeir gefi út sérstakt ábyrgðarskjal þar að lútandi. Ef málsókn rís út af láninu, er hverjum félagsmanni skylt að koma fyrir dóm og svara til sakar á þeim stað, er félagsstjórn hefur undirgengist.

18.gr. Endurskoðun reikninga hafa á hendi tveir menn, sem aðalfundur kýs. Skulu þeir vera félagsmenn. Kosning þeirra gildir í tvö ár, og ganga þeir úr sitt árið hvor. Á sama hátt skal kjósa tvo varaendurskoðendur.

Endurskoðendur skulu sannprófa, að reikningum félagsins beri saman við bækur þess, enda eiga þeir aðgang að öllum bókum og skjölum, hvenær sem er á starfstíma félagsins, og er stjórninni skylt að veita þeim þar upplýsingán, sem þeim eru nauðsynlegar við framkvæmd ~~star~~ starfana. Ennfremur er það skylda endurskoðenda að hafa eftirlit með starfrækslu félagsins yfirleitt. Nú verða þeir varir við misfellingur, er þeir álíta, að félaginu stafi hættu af, og skulu þeir þá hlutast til um, að bót verði á ráðin, svo fljótt sem þörf krefur. En takist það eigi, skulu þeir kveðja til fundar í félaginu og bera málið þar upp til úrlausnar.

Endurskoðendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi.

19.gr. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikingskilum skal lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur er haldinn. Á aðalfundi skal ávalt leggja fram endursk^söðða reikninga fyrir umliðið ár og taka ákvörðun um þá. Nú fellir fundurinn tillögu um að samþykkja reikningana og getur hann þá ákveðið að yfirskoðun skuli fram fara eftir þeim reglum, sem fundurinn setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni, skal af nýju boða til fundar, er tekur fullnaðarákvörðun um reikningana.

20.gr. Aðalfundur ákveður hvort greiða skuli stjórnendum og endurskoðendum laun, og ef greidd verða þá hve há..

21.gr. Um stofnsjóð félagsins og útborgun á stofnsjóðseign hvers félagsmanns fer eftir 25. gr. laga um samvinnufélög nr. 36. 1921.

22.gr. Varasjóði félagsins er ætlað að vera til styrktar, ef félagið verður fyrir óvæntu tapi. Fé má ekki greiða úr varasjóði nema eftir tillögu félagsstjórnar, í samráði við endurskoðendur og með samþykki aðalfundar, enda sé tillögunni fylgjandi eigi færri en $\frac{2}{3}$ þeirra félagsmanna, sem á fundinum eru.. Varasjóður félagsins skal geymdur og ávaxtaður í Landsbanka Íslans.

23.gr. Úr félagssjóði skal greiða allan kostnað við fundahöld félagsins og stjórn, að öðru leyti en því, sem segir í 3.mgr. 15.gr.

24.gr. Um skrásetningu félagsins og félagsslit fer eftir lögum um samvinnufélög nr. 36 27.júni 1921.

Sama er um öll önnur atriði, sem ekki eru tekin fram í samþykktum þessum, en ákvæði eru um í lögnum um samvinnufélög eða lögum um verkamannabústaði nr. ~~51~~ 71 8.sept. 1931, að

fara skal þá eftir því, sem þar er ákveðið.

25.gr. Samþykktum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi og sé að minsta kosti $2/3$ fundarmanna samþykkir breytinginni. Þegar leggja á fyrir fund tillögu um breytingar á félagssamþykktum, skal þess jafnan getið í fundarauglýsingu. Breytingartillögur þar, sem ekki koma fram fyr en á fundi, þurfa $4/5$ greiddra atkvæða til þess að ná gildi, enda sé meiri hluti félagsstjórnar þeim fylgjandi.

Á-kvæði um stundarsakir. Á fyrsta aðalfundi skal ritari|kosinn til eins árs, gjaldkeri|til tveggja ára og formaður til þriggja ára.

Á fyrsta fundi skal kosin brátahefð stjórn, sem gegni störfum þar til atkvæði hefur verið þó svo félagssamþykktuð gullnaði lögskiðum félagsbilyrtum.

og annan metstjórnandi
og hinn metstjórnandi.

Athugasemdir.

Fr. er sniðið eftir samþykktum Byggingarfélagis verkamanna í Reykjavík frá 16. máí 1930. Greinaröð og tölur er breytt á nokkrum stöðum vegna þess að svo þótti betur fara. Sama er um orðalag allvíða. Ákvæðunum ~~og~~ í 12.gr. um tilkall til stofnfjár og 14.gr. um hve er félagsfundir eru lögmætir, þótti nauðsynlegt að fara til betra samræmis við lögin um samvinnufélög en ákvæðin á fyrirmyndinni eru.

Heiti félagsins er ákveðið í 1.gr. Er vitanlega álitamál, sem getur verið til athugunar. Sama er um orðalagið á tilgangi félagsins í 3.gr.

Um ábyrgð félagsmanna segir í 9. og 17.gr. Er hér geró sú tillaga, að ~~xxxxxxxxxxxxxxxxxxxx~~ samábyrgð félagsmanna á öllum skuldbindingum félagsins sé haldið, en ábyrgðin takmörkuð við það, að hver félagi áb rgist einungis með húsi því, sem hann hefur keypt af félaginu. Til þess að gera þá ábyrgð svo tryggari er inn í 11.gr. bæt því ákvæði, að ekki megi veðstja húsið eða íbúðina nema með samþykki félagsstjórnar. Er þannig ef þörf þykir hægt að sjá um, að raunveruleg trygging sé í þessari samábyrgð. Ef stjórn byggingarsjóðsins krefst ekki samábyrgðar er hinsvegar hægt að leyfa veðsetningu, og mundi þetta form samábyrgðarinnar þá ekki verða til verulegs trafala. Á þessu eru vitanlega nokkrir annmarkar, og má . . . v. finna hepplegri leiðir. Ákv. sem sagt til athugunar.

Ákvæðin um gjöld félagsmanna og sjóði félagsins að mestu tekin eftir fyrirmyndinni, með nokkrum breytingum þó. Sjóðir félagsins eru 3. Sama og í fyrirmyndinni. 1). Félagssjóður. Ákv. óbreytt, a.ö.l. en því að ekki er tekið fram, að hann skuli ávaxta í banka. Er svo sjálfsagt, að óþarft virðist að taka fram. Á er það beint tekið fram í 23.gr. að að svo miklu leyti, sem stjórnarkostnaði við eftirlit húsa o.þ.h. er jafn- að niður á húsakaupendur skv. 15.gr. skuli hann ekki greiddur úr félagssjóði. Sama virðist felast í 21. sbr. 14.gr. fyrirm. 2). Varasjóður. Beint er tekið fram, að hver félagsmaður greið varasjóðsgjald af viðskiftaveltu síni. Sama virðist felast í 8.gr. fyrirm.

3). Stofnsjóður á skv. 25.gr. laganna um samvinnufélög að vera vetufé félagsins. Gjaldið í hann er tekið óbreytt, skv. 8. gr., eftir fyrirm. 8.gr. í samvinnufél.l. er beint gert ráð fyrir að í slíku félagi sem þessu sé þetta gjald lægra en 3%. Sýnist því mega taka það til athugunar, hort ekki metti lækka það hér.

Í 14.gr. fyrirmyndarinnar er gert ráð fyrir því, að kostnaði við eftirlit og innheimtu ~~inn~~ afborgana og vaxta sé jafnað niður á þá, sem keypt hafa hús af félagin. Þetta er tekið upp í 15. gr og því bæt við að sama eigi að gera með laun framkvæmdarstjóra. Þetta er naumast efnisbreyting, því að það sýnist felast í hinum ákv.

Þyggja og félög.

Þreyta 5. gr. l. (mykhat tekna og eiagna) :
samsæmi við l. 71-1931 § 3.

Ath. 4. gr. um ábyrgðina.

Ath. liort 11. gr. er : samsæmi við smol. § 25'

Ath. liort 13. gr. er : samsæmi við smol. § 19, 2. mgr.

Er 14. gr. : samsæmi við smol. § 10,

Ath. 15. gr. við smol. § 21, 2. mgr.

Ath. § 16 um ábyrgðina.

Ath. samsæmi 14. gr. við 11. gr.

Ath. § 21 um félagsgjöld.